



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998 (bogfimi ungmenna).

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar ofangreindu frumvarpi til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998 (bogfimi ungmenna).

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) var stofnað undir lok árs 2019 en til þess að geta orðið að sérsambandi þarf íþróttagrein að uppfylla töluverðar kröfur varðandi útbreiðslu og skipulag.

Fjölmörg alþjóðleg mót eru haldin fyrir ungmenni og þar er fylgt viðmiðum frá Alþjóðabogfimisambandinu (World Archery) hvað varðar keppnisflokka og tegundir af bogum. ÍSí hefur á undanförunum árum sent keppendur á Evrópuleika og Smáþjóðaleika, auk þess sem að BFSÍ hefur sent keppendur á fjölda alþjóðlegra viðburða.

Núverandi lög eiga sér enga hliðstæðu á Norðurlöndum en algengt er að bera saman íþróttastarf á Íslandi við það starf sem stundað er innan Norðurlanda. Þar eru rýmri reglur hvað varðar bogaeign og eru bogar, örvar og örvaoddar ekki skilgreind sem vopn heldur sem íþróttatæki í reglum ESB.

Takmörkun sú sem er fyrir hendi í núverandi vopnalögum skerðir möguleika íslenskra iðkenda til að keppa við jafnaldra sína á erlendum vettvangi, sem og undirbúning fyrir viðburði og frekari framfarir í íþróttagreininni.

Breyting á 31. gr. laganna, sbr. fyrrnefnt frumvarp, mun leysa þau vandkvæði sem eru á iðkun bogfimiíþróttarinnar fyrir ungmenni eldri en 16 ára og skapa um leið möguleika fyrir yngri iðkendur um ástundun undir eftirliti lögráða einstaklinga.

Ef nánari upplýsinga er þörf, þá vinsamlegast hafið samband.

**Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

